

DRÖG AÐ REGLUGERÐ

um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir.

1. gr.

Skilagjald.

Leggja skal skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota flöskum og dósnum úr stáli, áli, gleri og plastefni sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Skilagjald skal nema 14,41 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu.

Vörur í öðrum umbúðum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr. reglugerðar þessarar og bera ekki skilagjald skal um tollafgreiðslu fara skv. 4. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Umsýslubóknun.

Umsýslubóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 5,50 kr. á umbúðir úr stáli, 5,30 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,90 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 3,20 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

3. gr.

Gjaldskylda.

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota flöskum og dósnum úr stáli, áli, gleri og plastefnum sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 88/2005.

Skilagjald leggst ekki á drykkjarvörur í einnota umbúðum, sem seldar eru úr landi. Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja flokkunarreglum tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

4. gr.

Álagning skilagjalds.

Öllum þeim, sem flytja inn til landsins skilagjaldsskyldar vörur skv. 1. gr., hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða skilagjald og umsýslubóknun af hinum innfluttu vörum.

Við tollafgreiðslu á vörum sem bera ekki skilagjald, en flokkast undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr. reglugerðarinnar, skal tilgreina í reit 14 í aðflutningskýrslu (E-1) undanþágutilvísun fyrir þessar vörur sem Tollstjóri ákveður.

Skilagjald og umsýslubóknun mynda ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Þeim, sem framleiða eða tappa á skilagjaldsskyldar vörur innanlands, ber skylda til að greiða skilagjald og umsýslubóknun af framleiðslu sinni og standa skil á því í ríkissjóð. Skilagjald og umsýslubóknun mynda ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra sambærilegra framleiðslugjalda. Gjöldin mynda hins vegar stofn til virðisaukaskatts.

6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

Skilagjald og umsýsluþóknun af innlendum drykkjarvörum reiknast við sölu eða afhendingu þeirra frá framleiðanda, og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna skilagjaldsskyldrar innlendra framleiðslu eða átöppunar eru tveir mánuðir: janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

Skilagjaldi og umsýsluþóknun af innlendri framleiðslu, ásamt framtalsskýrslu í því formi sem Tollstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga, og skulu framleiðendur senda Endurvinnslunni hf. afrit af innlagðri framtalsskýrslu. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag, færast gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

7. gr.

Viðurlög.

Ef skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar þeim gjöldum sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu skv. 6. gr. hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og gjöld því áætluð, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð, er til áætlunarinnar svarar, eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt lögum nr. 28/2001, um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Innheimta og endurgreiðsla.

Skilagjald og umsýsluþóknun skal greiða í ríkissjóð, er síðan ráðstafar umsýsluþóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af því jafnskjótt og við verður komið til Endurvinnslunnar hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að skilagjaldið verði endurgreitt neytendum ásamt virðisaukaskatti af því við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 14,41 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 60 dagar frá hækun álagðs skilagjalds þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir sérhverjar umbúðir, sem skilað verður, úr 15,00 kr. í 16,00 kr. með virðisaukaskatti. Á sama hátt skal greiða samsvarandi gjald til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka, sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

9. gr.

Gerð drykkjavöruumbúða.

Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir skulu strikamerktar á merkimiða á hverri skilaskyldri umbúð fyrir sig og skal strikamerki vera hluti af ISO/IEC 15420 stöðlum. Strikamerki skal vera lóðrétt á drykkjavöruumbúð. Strikamerki skal vera a.m.k. 80% af skilgreindri grunnstærð strikamerkis samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir úr postulíni eða keramik eru óheimilar.

Fari innflytjendur eða framleiðendur ekki að kröfum skv. 1. og 2. mgr. skal Umhverfisstofnun kæra brot þeirra til lögreglu skv. 10. gr. laga nr. 52/1989, ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

10. gr.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Endurvinnslan hf. skal gefa umhverfis- og auðlindaráðuneytinu reglulega skýrslu um starfrækslu skilakerfisins, þar með talið fjölda skilaðra umbúða eftir tegundum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og öðlast gildi 3. apríl 2017. Jafnframt fellur reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, úr gildi.

Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra regna.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, desember 2016.

Skýringar með reglugerð:

Ný heildarreglugerð

Lagt er til að sett verði ný reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur þar sem eldri reglugerðinni, nr. 368/2000, hefur verið breytt ellefu sinnum. Að auki hefur komið í ljós að strangt til tekið ber að setja ákvæði sem setja mismunandi reglur um mismunandi umbúðir og geta þar af leiðandi mismunað framleiðendum og innflytjendum, sbr. ákvæði um umsýslubókun í 2. gr. reglugerðarinnar, í tæknilegt tilkynningarferli á EES-svæðinu. Er því lagt til að sett verði ný reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir, sem verði tilkynnt á EES-svæðinu í samræmi við lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Nýtt ákvæði um gerð drykkjarvöruumbúða (9. gr. reglugerðar).

Til að koma á vélvæddri móttöku og eftirliti með móttöku skilaskyldra umbúða er nauðsynlegt að drykkjarvöruumbúðir séu auðkenndar. Árið 2011 var sett inn lagaheimild í lög nr. 52/1989 um að setja mætti kröfu um merkingu drykkjarvöruumbúða í reglugerð. Fram til ársins 2008 var lítið um vélvæddar móttökur ef undan er skilið tímabil sem verslanir tóku við skilskyldum umbúðum frá 1990 – 1995. Með aukinni tæknivæðingu og aukinni þörf á eftirliti er orðin knýjandi þörf á því að setja reglur um auðkenni. Slíkt er hægt með því að auðkenna vöru með strikamerki. Til að slíkt eftirlit virki í framkvæmd er nauðsynlegt að setja reglur um að allar skilagjaldsskyldar umbúðir hafi slíkar merkingar og að þær séu á læsilegu formi. Er því vitnað hér í alþjóðlega staðla um gerð og stærð strikamerkja (GS1 á Íslandi heldur utan um upplýsingar um gerð strikamerkja).

Í þessu sambandi má benda á að verði þessi tillaga hluti reglugerðarinnar eru reglur hér á landi eftir sem áður mun frjálslægri og minna íþyngjandi en á öðrum Norðurlöndum sem eru með skilakerfi eins og hér á landi. Þannig er til dæmis ekki gerð sama krafa hér á landi um lögun umbúða, efnisval, stærð, skráningu o.fl. Með þessu reglugerðarákvæði er því reynt að ná fram auðkenni á umbúð án þess að láta slíkt vera óþarflega íþyngjandi fyrir innflytjendur og framleiðendur drykkjarvara. Hugsa mætti sér að setja frekari reglur um efnisval, stærð, innihald, lýsingu á gerð umbúða fyrir endurvinnslu og fleira sem víða er farið að huga að. Slíkt yrði þó hamlandi og myndi takmarka innflutning umfram það sem er í dag. Óvíst er að slíkt bæri þann árangur sem vonast væri eftir þar sem að slíku myndi fylgja verulegt eftirlit ef fara á eftir slíkum reglum.

Nauðsynlegt þykir að leggja til ákvæði sem kveður á um að drykkjarvöruumbúðir úr postulíni eða keramik séu óheimilar, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Helstu dæmi um notkun á slíku efni er í töppum drykkjarvöruumbúða. Óæskilegt er að fá keramik og postulín saman við aðra endurvinnslustrauða eins og gler, plast og ál og getur það skemmt fyrir endurvinnslu þessara efna.